

SKÝRSLUR
FORNLEIFAVERNDAR RÍKISINS 2006



Otradalur í Vesturbyggð
Fornleifaskráning

Magnús A. Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða

Mynd á forsíðu: Mynd 1: Við stekkin 1913, eftir Mugg. (Björn Th. Björnsson 1960:22)

© 2006 Fornleifavernd ríkisins/Magnús A. Sigurðsson

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Framkvæmd.....	5
Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu.....	5
Vettvangsathugun.....	7
Fornleifaskrá - Otradalur.....	7
Niðurstaða.....	18
Heimildir.....	19
Viðauki:	
Loftmynd.....	20
Túnakort.....	21

Inngangur

Ábúandinn í Otradal, Þorvaldur Stefánsson, hafði samband við minjavörð sumarið 2005 vegna fornleifa á jörð hans. Fór hann þess á leit við minjavörð Vesturlands og Vestfjarða, að hann skráði fornleifar í Otradal, en hann er þar með stórfellda skógrækt.

Mjög brýnt er að sinna fornleifaskráningu áður en hafnar eru framkvæmdir því að ómetanlegar minjar geta legið hvar sem er. Því getur það verið framkvæmdaaðila í hag að láta fram fara fornleifamat áður en hafist er handa, En hvað eru fornleifar? Í 9. grein þjóðminjalaga 2001/107 segir:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;*
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;*
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;*
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;*
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;*
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;*
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;*
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;*
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.*

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Ekki er um stórt svæði að ræða í þessu tilviki en hér hefur verið byggð frá landnámi, og því er brýnt að fara að öllu með gát.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnist, öllum að óvörum, fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér.

Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmda-aðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þessvegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur hún krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Framkvæmd

Þann 5. júlí 2005 var gerð vettvangskonnnun í landi Otradals, í hinum forna Suðurfjarðahrepp. Var gengið um jörðina í fylgd ábúenda, ekki var öll jörðin könnuð heldur bara áhugaverðir staðir í nálægð bæjarins. Ekki er til svæðis- né aðalskráning á menningar-minjum í Vesturbyggð, en í heimildum er að finna upplýsingar um ýmsar minjar. 31. ágúst 2006 var gerð önnur vettvangsathugun þar sem farið var yfir skráningu fyrra árs.

Otradalur er skammt fyrir innan Bíldudal, fyrir ofan Þjóðveg nr. 63. Þar var fyrrum kirkjustaður og prestsetur (1200-1907).

Í Otradal hefur verið búseta líklega frá landnámi svo í heimildum eru skráðar fjölmargar minjar. Eitthvað að þessum minjum er horfið eða ekki er vitað um staðsetningu.

Jarðirnar eru auðkenndar með landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað (140461) og eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hvernjar jarðar fyrir sig.

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða. Lagt er mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist.

Til er örnefnaskrá yfir Otradal með um 64 örnefnum sem er skráð eftir Helga Guðmundssyni, síðan eru viðbætur skráðar eftir Sigurði Guðmundssyni, fyrrverandi ábúenda í Otradal.

Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu

Í Otradal hefur líklega verið búið allt frá landnámi þótt ekki sé minnst á hann í Landnámu, en líklegt má telja að Otradalur sé í landnámi Ketils ilbreiða, en hann nam dali alla frá Kópanesi til Dufansdals, en fluttist seinna til Breiðafjarðar og nam Berufjörð.

En á Otradalur og ábúendur hans er minnst á í að minnsta kosti tveimur Íslendingasögum.

Fyrst ber að nefna líklega þekktasti ábúandi Otradals, að öðrum ólöstuðum, Eyjólf hinn gráa, sem bóg Gísla Súrsson 978 í Geirþjófsfirði.

Í Njálu er svo minnst á barnabarn Eyjólf, Eyjólf Bölverksson, en hann er líklega þekktastur fyrir að hafa tekið að sér vörn í brennumálinu á Alþingi, en fyrir það galt hann með lífi sínu. Sigurður Vigfússon lýsir Otradal á eftirfarandi hátt:

Otradalr hefir verið stórmannleg jörð ; þar er fallegt; mikill dalr og víðr gengr

þar upp ; bærinn stendr að vestanverðu í dalnum, skamt upp frá sjónum, enn hinn forni bær hefir staðið ofar eða nær hlíðinni, enn verið fluttr sökum skriðna úr fjallinu; túnið er ákaflega stórt, og má víðast rekja hinn forna garð, sem verið hefir sumstaðar mjög digr. Upp í túninu er ferskeytt girðing, öll nær slétt, sem líklega hefir verið einhverskonar akr eða sáðland. Eg leitaði hér mikið að hoftrótt enn fann engin slík merki ; í Otradal hefir þó hlotið að vera hof; líklega hefir það staðið þar sem bærinn stendur nú. Kirkjan stendr nú fram undan bænum, enn sagt er, að hin gamla kirkja hafi staðið neðar í túninu eða nær sjónum, og þar hafi fundizt mannabein, er þar var grafið til.

(Sigurður Vigfússon 1883:68)

Í Jarðabók Árna Magnússonar er jörðinni lýst. Jarðardýrleiki er óviss þar sem jörðin er tíundarfrí og presturinn nýtur staðarins frítt. Kúgildi eru alls 14, kvikfje 6 kýr, 1 naut veturgamalt, 1 kálfur, 32 ær, 3 sauðir tvævetrir, 16 veturgamlir, 25 lömb, 2 hestar. Staðurinn á skóg sem nýtist til kolgjörðar og til. Fyrir 12 árum féll skriða á fjósið á drap allan búpeninginn. Í kjölfarið var fjósið flutt að bænum.

Talað er um tvær hjáleigur í Otradal. Annarsvegar “Otrárdalshús. Hjáleiga byggð í heimatúninu fyrir manna minni, og hefur stundum legið í eyði köflum saman.”

Hinvegar er það “Vindheimar. Eyðihjáleiga. Byggð í fyrstunni hjer um fyrir 26 árum, og varaði byggðinn inn til næstu 16 eður 17 ára, síðan í auðn, og stóð þessi hjáleiga í heimatúninu út við túngarðinn.”

Að lokum talar Árni um að girðingar og tóftarústir sjáist sem hafi verið notuð sem sel, og að munnmæli séu um að þar hafi staðurinn staðið í fyrstunni, áður en kristni kom í landið.

(Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938: 379-380.)

Kirkja hefur verið í Otradal frá ómunatíð. Til eru máldagar frá 1324 er Jón biskup Halldórs-son setti, frá 1397 sem Vilchins biskup setti, og frá 1570 sem Gísli biskup Jónsson setti.

Í máldögunum frá 1324 og 1397 er kirkjan helguð alsvaldandi Guði, heilagri móður Maríu, Bartalómeusi postula, Tómasi erkibiskup, Þorláki biskup, og Ceciliu meyju. Einnig kemur fram að hún á allt heimaland milli Haganess og Beitolshamra. Til kirkjunnar leggjast tíundir og ljóstollar og gröftur af öllum bæjum milli Galtar og Langaness.

1570 á kirkjan ennþá allt heimaland milli Haganess og Beitolshamra, auk hálfa jörðina að Fossi sem hún eignaðist einhvertíma fyrir 1397.

Í presta- og prófastatali séra Sveins Níelssonar er Sveinn Sigurðsson skalli fyrsti presturinn sem minnst er á í Otradal en hann á að hafa komið einhvertíma fyrir 1346. Síðasti presturinn í Otradal var Jón Árnason, en hann var frá 1891 til 1906 en þá var sóknin flutt til Bíldudals.

(Halldór G. Jónsson 1999: 111 - 123)

Búið er að leggja Otradalskirkja niður; hún var byggð 1876 en rifin á fyrri hluta 20. aldar en líkhússkofi reistur á hluta grunnsins. (Ingvaldur Nikulásson 1942: 111-123)

Otradalur var gerður að þingstað Suðurfjarðahrepps 1832.

Ýmsar þjóðsögur eru til um Otradal en ein skiptir mestu máli við skráningu þess.

Álfkonuberg í Otradal

Í útjaðri túnsins í Otradal, innanverðum, nær sjó er dálítill brekka með klöppum nokkrum, sem nefndar eru Álfkonuberg. Þegar Eiríkur Olsen var kaupmaður á Bíldudal 1856-1871, hélt hann ráðskonu, sem Kristjana hét, en kona hans var í Kaupmannahöfn. Er kona hans kom til Bíldudals, giftist Kristjana Kristjáni Hjaltasyni, er hafð lært húsasmíði erlendis. Hann fékk leyfi til að byggja sér hús í nefndum túnfæti í Otradal. Grjót var lítið til veggja-hleðslu, svo hann ákvað að sprengja Álfkonubergið og nýta sér það í hleðslur. Um nóttina dreymdi hann álfkonu, sem kvaðst eiga heima í berginu

og varaði hún hann við þessum verknaði. Ekki hlýddi Kristján viðvöruninni og sífellt jókst reiði álfkonunnar, og spáði hún honum böli blandinni ævi. Skömmu eftir að flutt var í húsið kenndi Kristjana sjúkleika nokkurs og dróst hún til dauða á fáum árum. Hófust nú reimleikar miklir í bænum og var húsmunum og ílátum hent fram og aftur og var þar næstum ólíft vegna undra þessara. Flýði Kristján að lokum úr bænum og var hann lengi í eyði, uns Steingrímur prófastur Jónsson varð prestur í Otradal 1880 og leigði húsið. Hann dó tveim árum síðar og var þá húsið rífið.

(Hafliði Magnússon: 94)

Vettvangsathugun

Við samantekt heimilda fundust um 22 minjar í Otradal, og við vettvangsathugun voru 12 staðir skoðaðir, tekin hnit og þeir myndaðir. Af þessum 12 minjum voru 5 ekki að finna í heimildum.

Farið var um svæðið í fylgd núverandi ábúenda, Þorvalds Stefánssonar (200855-5319).


Fornleifaskrá - Otradalur

Otradalur - 140461 – 1 **Stekkur**

Sérheiti: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°40.358 **23°34.173**



Mynd 2. Teikning af Stekknum

Mynd 3. Ljósmynd af Stekknum

Staðhættir og lýsing

“Ytri-Stekkjjarhjalli (183). Kippkorn þar fyrir innan er Innri-Stekkjjarhjalli (184). Fyrir neðan hann er gamall Stekkur (185).” (Ö-Otradalur, a)

“Í fjallshlíðina rétt innan við Bauluskriðu hefur myndast stallur um það bil miðhlíðis og kallast **Hjalli** (1). Niður undan honum er graslendi sem náði að fjöru áður - nú að veginum - og teygir það sig nálega frá Bauluskriðu að utan og alveg heim að túni. Á þessum grasbakka miðjum er hinn gamli Stekkur (185) sem hefur vakað í minningu Muggs (Guðmundar Thorsteinssonar) þegar hann - staddur úti í Danmörku - málaði hina gullfallegu mynd „Við

stekkinn". Sjálfar stekkjartóftirnar, hlaðnar úr grjóti, hafa varðveist ótrúlega vel." (Ö-Otradalur, b)

Stekkjartóft fyrir ofan veg norðarlega í dalnum. Líklega stekkurinn sem Muggur hafði í huga þegar hann málaði Við stekkinn. (Sjá forsiðu) Um 6 metra frá steknum er stök lítil tóft.

Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot

Otradalur - 140461 – 2 **Tóft**
Sérheiti: Þinghústóft
Tegund: Heimild
Staðsetning: 65°40.212 **23°34.035**



Mynd 4. Mynd af Þinghústóftinni.

Staðhættir og lýsing

“Innan við Stekkinn, þar sem landið hækkar nokkuð, eru leifar af húsi sem þar stóð. Þessi hústóft heitir eða kallast **Þinghústóft** (2). Þarna var þingstaður Suðurfjarðahrepps um ára- eða aldabil. En með bréfi, dags. 18. okt. 1894, til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu frá hreppsnefnd er þess óskað að þingstaðurinn verði færður til Bildudals. Tvær ástæður eru tilgreindar: 1) Hið gamla þinghús sé að falli komið og 2) fólki hafi fjölgað svo mikið

á Bildudal að þar sé meirihluti hreppsþúa. Málaleitan þessi mun hafa verið samþykkt án andstöðu af hálfu yfirvalda.” (Ö-Otradalur, b)

Þinghústóft. U. m. b. 6x8 metra stór. 1.2 metra þykkir veggir. Rétt vestan við tóftina er hestadys, kringlótt og regluleg.

Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot

Otradalur - 140461 – 3 **Þjóðsaga**
Sérheiti: Álfkonuberg
Tegund: Heimild
Staðhættir og lýsing

“Álfkonuberg (190). Á ég sögu í handriti um huldufólk í Otradal og mun Álfkonuberg þetta hafa verið talið aðalheimkynni þeirra hér. Á grund skammt fyrir innan Litlanes er stór hellusteinn reistur á rönd. Lá hann niður um stund, en var reistur upp af mælingarmönnum og hafður til þess að merkja 5 km. frá Bildudal. Það er gömul sögn að menn hafi verið hryggbrotnir á steini þessum í bardaganum, sem getur í sögu Hávarðar Ísfirðings, því að

sumar sagnir segja að bardaginn hafi verið háður þarna á grundinni og neðri hluta túnsins. Hellusteinninn var og kallaður Víghella (191).” (Ö-Otradalur, a).

Víghella (191): Hér virðist hugarflugið hafa hlaupið með höfundinn í gönur. Hér var um að ræða nokkuð stóran hellusteinn sem stóð upp á endann neðan við vegarlóðann á grundinni fyrir neðan túnið. Túnið náði að vísu ekki svo langt út eftir eins og nú. Steinninn var svo settur þarna af mælingamönnum danska herforingjaráðsins. Á steinninn var letrað með rauðri málningu: „5 km frá Bd.” Var mælt frá svokallaðri „læknisbrú” sem var um miðbik Bíldudalskaupþúns. Mér er í barnsminni að þessi rauða málning var orðin mjög veðruð og máð. Þá var það að bróðir minn, Kristján, tók sér fyrir hendur að meitla þessa áletrun í steinninn og tókst það mjög vel. En þessum steini var ekki þyrmt fremur en mörgu öðru þegar Vegagerðin lagði hér akveg inn eftir.” (Ö-Otradalur, b).

Misskilnings virðist gæta um Hávarðs sögu Ísfirðings. Þar er talað um Atla í Otradal, mág Steinþórs á Eyri, en farið er staðarvillt, Otradalur þessi er við bæinn Ámýrar á Snæfellsnesi en ekki í Suðurfjörðum, því er líklega engin Víghella né Bardagagrund hér. Aftur á móti kemur þjóðsagan um Álfkonuberg við sögu í sambandi við Otradalshús.

Otradalur - 140461 – 4 Brunnur

Sérheiti: Gvendarbrunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

„Fyrir neðan tún og skammt utan Lendingar er uppsprettulind sem heitir Gvendarbrunnur (191a).” (Ö-Otradalur, b)

Otradalur - 140461 – 5 Lending

Sérheiti: Otradals-lending

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir og lýsing

„Niður undan túninu er Otradals-lending (192).” (Ö-Otradalur, b)



Mynd 5. Áætluð staðsetning gamla kirkjugarðsins.

Otradalur - 140461 – 6

Kirkjugarður

Sérheiti: Gamli

kirkjugarðurinn

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

„Neðarlega í túninu, innan til við veginn heim að bænum, er afgirt svæði með hlið í vestur, upp á móti brekkunni. Í ung-dæmi Ingibjargar, annars heimildarmanns míns, var sagt að þetta væri gamall kirkjugarður, hét og Gamli kirkjugarðurinn (195).” (Ö-Otradalur, b)

Gamli kirkjugarðurinn virðist hafa verið fyrir neðan bæinn, í kverkinni við innkeyrsluna að bænum, en engin merki er að sjá um hann í dag.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbúnaður

Otradalur - 140461 – 7 Brunnur

Sérheiti:

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

„Neðst í rönd túnsins er brekka, heitir Brunnabrekka (198). Fyrir neðan hana var Brunnur (199) og Brunnhús (200). Þangað var sótt vatn, þegar Prettur þraut.“ (Ö-Otradalur, a)

Otradalur - 140461 – 8 Varða



Mynd 6. Varða á Vörðuholti.

Sérheiti: Vörðuholt

Tegund: Heimild

**Staðsetning: 65°39.667
23°34.082**

Staðhættir og lýsing

„Fyrir framan túnið er holt með vörðu, heitir Vörðuholt (201).“ (Ö-Otradalur, a).

Áberandi varða uppá holti sunnan við bæinn. Ekki er að sjá hvaða hlutverki hún hefur gegnt.


Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Otradalur - 140461 – 9

Tóft

Sérheiti:



Mynd 7. Teikning af tóftinni.



Mynd 8. Ljósmynd af tóftinni

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°39.646 23°34.184

Staðhættir og lýsing



Mynd 9. Vegghleðslur í tóft 140461 – 9.

Sérkennileg tóft rétt vestan við vörðuna á Vörðufelli. Stór hálfhringlaga vegghleðsla, með þykkum veggjum, á köflum virðast þeir vera tvöfaldir og jafnvel með dyrum. Austurhluti virðist vera eyddur af landbroti svo erfitt er að sjá hvað hefur verið þarna

Hættumat: Talsverð hætta

Hættuorsök: Landbrot

Otradalur - 140461 – 10 Leiði

Sérheiti: Otraleiði

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

„Otraleiði (207) heitir stór grjóthóll á fjallinu

[Otradalsnúp] nálægt Bæjargili. (Sjá síðar)....

Sagnir um Otra og Otraleiði. Sagt er að Otri, sem nam Otradal og dalurinn er kenndur við, sé heygður í Otraleiði (207). Þegar smalar gengu hjá, voru þeir vanir að láta þrjá steina á það, því að sagt var, að þeim myndi verða illt, ef þeir gerðu það ekki. Áður er þess getið að Otri hafi fallið í viðureign sinni við Bíld frá Bíldudal. En til er önnur sögn sem hermir að Bíldur sé heygður á fjallinu á móti Otraleiði. Þeir hafi verið vinir og viljað sjá hvor til annars eftir dauðann, jafnframt því að sjá yfir landnám sín. Sumir segja, að það hafi verið smalarnir frá bæjunum sem drápu hvor annan á Haganesi.“ (Ö-Otradalur, a).

“Ég hirði ekki um að eltast við heimatilbúnar síðari tíma þjóðsögur, s.s. Otraleiði (207).

Otradalur mun hafa verið í landnámi Ketils ilbreiðs og hvergi í Landnámu er minnst á Otra sem landnámsmann. En í frjóu heilabúi verður margt skrítið og skemmtilegt til.” (Ö-Otradalur, b).

Otradalur - 140461 – 11 Mógrafir

Sérheiti: Móholt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

„Fyrir framan Enni er gil í fjallið, heitir Smyrlagil (216). Rétt fyrir framan það er grashvammur í hlíðinni, heitir aðeins Hvammur (217) þar er mótekja.“ (Ö-Otradalur, a).

“Mér er með öllu ókunnugt um mótekju í Hvamminum (217). Hins vegar mátti lengi vel sjá votta fyrir mógröfum neðarlega í Hvamminum og eins í engjunum sem eru vestan megin árinna. Mótekja eða mógrafir sem ég man eftir voru neðanvert við svonefnt **Móholt** (4) fremst í mýrarfláka austanvert í dalnum og nefndist Hádegisálar (235) - nafnið sjálfsagt tengt eyktamarkinu (Hádegisgil). Mór var tekinn upp allt fram til 1942 en lítið eða ekki eftir það. Hversu margar skóflustungur var um að ræða veit ég ekki - held þó bjarglegt fyrir heimilið. Torfrista var aldrei mikil og rétt til heimabruks.” (Ö-Otradalur, b).

Otradalur - 140461 – 12 Sel

Sérheiti:

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

„Niður af honum [Hvammi (217)] eru votlendar mýrar, heita Selálar (218). Fyrir neðan þá eru gamlar Seltóftir (219).“ (Ö-Otradalur, a).

Otradalur - 140461 – 13 Sel

Sérheiti:

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

„Það sést ennþá votta fyrir gamla **Selinu** (5), en það er mjög samanfallið og uppgróið (sbr. Seltóftir (219)). Það er rétt við ána, beint niður undan Hnúk (220).“ (Ö-Otradalur, b)

Otradalur - 140461 – 14 Tóft

Sérheiti: Sveinkatótt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

“Uppi á sjálfum Hnúknum er lítil tóft, hlaðin úr hellugrjóti sem mikið er af þarna uppi. Tóft þessi kallast **Sveinkatótt** (6) og var hlaðin af smala sem Sveinn hét. Ég veit ekkert meira um þennan mann en hins vegar þekkti ég í æsku tvo syni hans. Tóftina mun hann hafa notað sem afdrep í misjöfnum veðrum er hann sat hjá ánum. Viðsýnt er af Hnúknum og hefir verið gott að fylgjast með búsmalanum þarna að ofan.” (Ö-Otradalur, b).

Otradalur - 140461 – 15 Örnefni

Sérheiti: Bardagagrund

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir og lýsing

„**Bardagagrund** (8) er kallað sléttlendi framanvert við túnið en til hvaða bardaga er vísað veit ég ekki.“ (Ö-Otradalur, b).

Líkleg farið staðarvillt vegna Hávarðs sögu Ísfirðings.

Otradalur - 140461 – 16 Hjáleiga

Sérheiti: Vindheimar


Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°39.735 23°34.097

Staðhættir og lýsing

„**Vindheimar** (15) og **Otradalshús** (16). Önnur hjáleigan var utarlega og ofanvert í túninu. Búið er að slétta yfir það svæði. Hin mun hafa verið fyrir framan túnið, rétt við lítinn læk sem rennur niður með Vörðuholti og sjást þær rústir mjög greinilega. Um þessar hjáleigur er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (6. bindi, bls. 380).“ (Ö-Otradalur, b).

“**Vindheimar**. Eyðihjáleiga. Bygð í fyrstunni hjer um fyrir 26 árum, og varaði bygðin inn til næstu 16 eður 17 ára, síðan í auðn, og stóð þessi hjáleiga í heimatúninu út við túngarðinn.” (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938: 380)



Mynd 10. Teikning af Vindheimum Mynd 11. Ljósmynd af Vindheimum

Um 200 metra suðvestan við bæinn. Rústaþyrping, 3-4 tóftir, líklega hjáleigan Vindheimar. Erfitt að greina hana vegna mikils gróður.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot/Gróður



Mynd 12. Ljósmynd af Otradalshúsi

Otradalur - 140461 – 17

Hjáleiga

Sérheiti: Otradalshús

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°39.990

23°34.044

Staðhættir og lýsing

“**Vindheimar** (15) og **Otradalshús** (16). Önnur hjáleigan var utarlega og ofanvert í túninu. Búið er að slétta yfir það svæði. Hin mun hafa verið fyrir framan túnið, rétt við lítinn læk sem rennur niður með Vörðuholti og sjást þær rústir mjög greinilega.

Um þessar hjáleigur er getið í

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (6. bindi, bls. 380).” (Ö-Otradalur, b)”

Otrárdalshús. Hjáleiga bygð í heimatúninu fyrir manna minni, og hefur stundum legið í eyði köflum saman.” (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938: 380)

Af mörgum talið vera Otradalshús. Tóft um 8x6 metrar 100 metra fyrir ofan veg, um 300 metra norðan við íbúðarhúsið, þétt upp við loftskæptastaur. Erfitt að greina vegna gróðurs, gætu verið fleiri hleðslur á staðnum. Hleðslugrjótið gæti verið tekið úr Álfkonubergi, munnmæli segja að gjörningamennirnir hafi dáið í kjölfarið. Tímasetningin passar þó ekki alveg þar

sem Árni Magnússon talar um Otradalshús 1703 en þjóðsagan segir að Álfkonubergið hafi verið sprengt á seinni hluta 19. aldar.
10 metrum norðar eru leifar af túngarði.

Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot/Gróður

Otradalur - 140461 – 18 Bæjarstæði

Sérheiti:

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

„Girðingar og tóftarústir sjást hjer í landinu, þar sem síðan hefur verið brúkuð selstaða. Það eru munnmæli, að þar hafi staðurinn staðið í fyrstunni, áður en kristni kom í landið, en ekkert hafa menn hjer víst um að segja. Ekki má hjer bygð setja, því landið er uppblásið og í hrjóstur komið. (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938: 380)


Þetta er frekar almennt svo ekki er gott að segja til um hvaða rústir er verið að tala um.

Otradalur - 140461 – 19 Tóft

Sérheiti:

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°39.804 23°34.234



Mynd 13. Teikning af tóftinni. Mynd 14. Ljósmynd af tóftinni

Staðhættir og lýsing

Stór og greinileg rúst rétt við gamlan túngarð. U. m. b. 6x8 metrar að stærð. NV-SA. Líklega útihús. Minnstakosti 1 afhýsi ef ekki tvö. Spurning hvort bæjarstæði hafi verið þarna einhversstaðar nálægt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Otradalur - 140461 – 20 Tóft



Mynd 15. Ljósmynd af tóftinni.

Sérheiti:

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°39.927
23°34.114

Staðhættir og lýsing

Ógreinileg tóft fyrir ofan tún, um 250 metra norðaustur frá bænum, 8x9 metrar að stærð, þétt upp við gamla girðingu. Gæti verið önnur við hliðina, erfitt að greina það.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Otradalur - 140461 – 21 Náthagi?



Mynd 16. Ljósmynd af náthaganum.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Sérheiti:

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°39.926
23°34.117

Staðhættir og lýsing

Ógreinilegur náthagi rétt við tóft 140461-21. Um 10 x 10 metrar að stærð

Otradalur - 140461 – 22 Tóft

Sérheiti: Hrútakofi

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°39.935 23°34.155

Staðhættir og lýsing

Um 7,4 x 4 metra stór tóft, um 30-40 metra fyrir ofan minjar 140461-21 & 22.



Mynd 17. Ljósmynd af hrútakofanum.

Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot

Otradalur - 140461 – 23 Túngarður



Sérheiti:

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°39.997 23°34.034

Staðhættir og lýsing

Túngarður rétt norðaustan við tóft 140461-15.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Mynd 18. Ljósmynd af túngarðinum.

Otradalur - 140461 – 24 Bæjahóll

Sérheiti:

Tegund: Heimild



Staðsetning: 65°39.845
23°34.039

Staðhættir og lýsing

Gamli bæjarhóllin rétt aftan við núverandi íbúðarhús.

Skriða féll á gamla bæinn og var hann þá fluttur frammar.

Hættumat: Talsverð hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Mynd 19. Ljósmynd af bæjarhólnum.

Otradalur - 140461 – 25 Tóft

Sérheiti: Líkhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°39.827 23°33.991

Staðhættir og lýsing

Tóft af líkhúsi, og jafnvel gömlu kirkjunni

Ekki sjáanlegt en samkvæmt túnakorti var það í miðjum kirkjugarðinum.

Otradalur - 140461 – 26 Kirkjustæði

Sérheiti:

Tegund: Heimild



Mynd 20. Gamla kirkjan eftir Mugg, 1922. Björn Th. Björnsson 1960: 144)



Mynd 21. Áætluð staðsetning gömlu kirkjunnar.

Staðhættir og lýsing

Ábúandi vill meina af þetta málverk eftir Mugg sé af gömlu kirkjunni í Otradal, en Muggur var mikið í Otradal sem barn og málaði myndir þaðan, einsog sést á forsiðu.

Ef þetta reynist rétt þá virðist kirkjan hafa staðið frekar fyrir ofan kirkjugarðinn en í honum miðjum, en þetta þarf að athuga nánar.

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Framkvæmdir/Gróður

Otradalur - 140461 – 27 Kálgarður

Sérheiti:

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

865 m² kálgarður sunnan við bæinn. kemur fram á túnakorti.

Niðurstaða

Eins og fram kom í upphafi þessarar skýrslu þá er þetta ekki heildarskráning yfir jörðina

Otradal, heldur bara skrá yfir helstu minjar sem er að finna í nágrenni bæjarins

Í skýrslunni eru 27 númer, þ.e. gerð er grein fyrir 27 fornleifum. Í 15 tilfellum eru einungis til heimildir um mannvirki en leifar þeirra horfnar. Skráð mannvirki og mannvirkjaleifar eru því 12.

Flestar rústirnar eru leifar mannvirkja sem tengdust búskap á einhvern hátt, einu minjarnar um sjósókn sem fannst var örnefnið Otradsal-lending. Það skýrist af einhverju leyti af því að sjávarsíðan var ekki gengin heldur aðallega svæðið kringum bæinn.

Skiptingin er annars þannig eftir tegundum:

Bæjarstæði/bæjarhólar	2
Tóftir	7
Stekkur	1
Brunnur	2
Kirkju- /Kirkjustæði	2
Varða	1
Túngarðar/Kálgarðar	2
Leiði	1
Mógrafir	1
Sel	2
Hjáleigur	2
Nátthagi	1
Þjóðsaga	1
Örnefni	1
Lending	1
Samtals	27

Flestar fornleifarnar sem skráðar voru eru af óljósum aldri, þ. e. þær gætu verið frá 19. öld eða frá því fyrir siðskipti, frekari rannsókna er þörf ef á að úrskurða um aldur þeirra.

Minjagildi þessara minja er töluvert því í Otradal hefur verið byggð frá því fyrir kristnitöku og mikilvægt að öll jörðin yrði skráð sem fyrst, því þetta er líklega bara hluti þeirra minja sem finna er á staðnum.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn.

Björn Th. Björnsson 1960. *Muggur. Guðmundur Thorsteinsson. Ævi hans og líf*. Reykjavík.

Eyrbyggja saga 1953. *Íslendingasögur. Þriðja bindi. Snæfellinga sögur*. Íslendingasagnaútgáfan 1 - 184.

Hafliði Magnússon. *Arnarfjörður*.

Halldór G. Jónsson 1999. Gamli mál dagar Otradalskirkju og hálfkirkjunnar á Hóli í Bíldadal. *Frá Bjargtöngum að Djúpi II*. Hrafnseyri 67-71.

Ingvaldur Nikulásson 1942. Tálknafjörður og Arnarfjörður að vestan. *Barðstrendingabók*. Reykjavík 111 - 123.

Njáls saga 1953. *Íslendingasögur. Ellefta bindi. Rangæinga sögur*. Íslendingasagnaútgáfan 1 - 1 - 434. (950-1015, brennan 1010, rituð á síðari hluta 13. aldar).

Sigurður Vigfússon 1883. Rannsókn um Vestfirði, einkannlega í sambandi við Gísla sögu Súrssonar, með 3 myndaspjöldum (með 8 myndum). *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1883*. Reykjavík 1 - 70.

Þorsteinn Jósefsson, Steindór Steindórsson & Páll Línal 1982. *Landið þitt Ísland III*. Reykjavík.

Ö-Otradalur a. Örnefnaskrá fyrir Otradal. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Otradalur b. Örnefnaskrá fyrir Otradal. Svör við spurningum og athugasemdir. Sigurður Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Otradalur c. Örnefnaskrá fyrir Otradal. Athugasemdir. Skráð eftir Kristjáni Pálssyni. Örnefnastofnun.

Túnakort

